

Alþingi
Erindi nr. P 127/1626
komudagur 4.4.2002

Viðivöllum fremri 04.04.2002

Nefndasvið Alþingis
b.t. landbúnaðarnefndar/
Einar Farestveit nefndarritari

Fljótsdalshreppi 7505 var með bréfi frá landbúnaðarnefnd Alþingis dags. 18.mars gefinn kostur á að senda nefndinni umsögn vegna tillögu og frumvarpa um eftirfarandi mál. 555.mál, landgræðsluáætlun, 584.mál landgræðsla, 593.mál afréttarmálefni, fjallskil o.fl..
Fljótsdalshreppur óskar eftir að koma eftirfarandi atriðum á framfæri:

Vakin er athygli landbúnaðarnefndar á að gert er ráð fyrir stórauknu hlutverki sveitarfélaga við eftirlit, gerð áætlana og úrbætur **án þess að þeim sé í frumvarpinu ætlaður tekjustofn til að standa undir nýju hlutverki.**

Eðlilegt hlytur að teljast að málum verði ekki þannig fyrir komið við endanlega afgreiðslu, heldur verði fyrir því séð að sveitarfélögin geti sinnt því hlutverki sem þeim er ætlað að takast á við.

Ef ekki komi til auknir fjármunir í því skyni, verði hluta af því fé í fjárlögum sem ætlað er að verja til málaflokksins skilgreindir til að standa undir kostnaði sem kann að falla á sveitarfélögin.

Ekki er sýnt að þau örfáu dæmi um að ekki takist eðlilegt samstarf umráðamanna lands og Landgræðslunnar um samvinnu við viðhald og bætingu gróðurlendis kalli á eignarnámsheimildir henni til handa, hvað þá þær lögregluaðgerðir og þungar dagsektir sem boðaðar eru í frumvarpinu.

Farsælli leið til árangurs er að áfram verði unnið í góðri samvinnu við hlutaðeigandi aðila, enda sýnir reynsla undanfarinna ára svo ekki er um villst að besti árangur næst þar sem menn taka höndum saman.

Þá lýsir sveitarstjórn þeirri skoðun sinn að ekki sé tekið með nægjanlegum þunga á landsþjöllum vegna landbrots við ár sem árlega eyða vel grónu landi í miklum mæli.

Ekki væri óeðlilegt að slíkt væri eitt af forgangsverkefnum Landgræðslunnar.

Sveitarstjórn Fljótsdalshrepps lýsir ánægju sinni með að fyrirhugað er að koma á fót héraðssetri Landgræðslunnar á Austurlandi og væntir að sú fyrirætlun verði að veruleika sem fyrst.

Sveitarstjórn vill í því sambandi benda á að hjá Búnaðarsambandi Austurlands, Héraðsskógum og Skógrækt ríkisins á Egilsstöðum er samankomin þekking sem telja má víst að nýttist útibúi Landgræðslunnar vel og því er hér lagt til að héraðssetrið verði staðsett á Egilsstöðum.

Virðingarfyllst,
f.h. Fljótsdalshrepps

Gunnþórunn Ingólfssdóttir oddviti